um till. til þál. um aukna hagnýtingu á saltsíld.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd Sþ. hefur fjallað um tillögu þessa og m. a. sent hana til umsagnar Síldarútvegsnefnd, L. Í. Ú., Fiskimálaráði, Sambandi ísl. sveitarfélaga og A. S. Í. Bárust umsagnir frá þeim öllum nema hinum síðasttalda, og töldu allir þörf á aukinni athugun á hagnýtingu saltsíldar til útflutnings, en L. Í. Ú. vildi álíta, að sú athugun væri eitt af verkefnum Síldarútvegsnefndar. Síldarútvegsnefnd, Fiskimálaráð og Samband ísl. sveitarfélaga mæltu með samþykkt þáltill., Fiskimálaráð með þeirri ábendingu, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fengi rétt til að nefna mann í nefnd þá, er lagt er til, að skipuð verði, en Samband ísl. sveitarfélaga benti á, að nefndinni væri ætlaður næsta stuttur tími til starfa.

Allsherjarnefnd varð sammála um að leggja til, að þáltill. yrði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 5 manna nefnd, er rannsaki möguleika á aukinni hagnýtingu saltsíldar til útflutnings. Þessi rannsókn beinist að framleiðslu á síldarflökum og sölu á þeim í smápakkningum. Eftirtaldir aðilar tilnefni sinn manninn hver í nefndina: Síldarútvegsnefnd, Landssamband ísl. útvegsmanna og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, en félög síldarsaltenda sameiginlega einn mann. Viðskiptaráðherra skipar fimmta mann nefndarinnar án tilnefningar, og skal sá maður jafnframt vera formaður hennar. Nefndin skili tillögum sínum eigi síðar en í maílok 1970.

Alþingi, 15. jan. 1970.

Bragi Sigurjónsson, form., frsm.	Jónas Pétursson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Jónas Árnason.	Friðjón Þórðarson.	Gísli Guðmundsson.
	Vilhjálmur Hjálmarsson.	